

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík 11. febrúar 2016  
UST201601-223/T.Þ.  
04.03

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009 (gjaldtökuheimildir, réttindi og skyldur fráveitna) (Þingskjal 550 - 404. mál)**

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Umhverfisstofnun leggur til eftirfarandi minniháttar breytingar á frumvarpinu í því skyni að auka skýrleika:

**2. gr.**

Ekki verður annað séð skv. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna en að gjöld sem hægt er að leggja á skv. lögnum séu þrennskonar: 1) Skv. 1. mgr. - Fráveitugjald af öllum fasteignum, 2) Skv. 2. mgr. - Gjald vegna losunar miðað við innstreymi vatns þegar um er að ræða atvinnustarfsemi eða annað en venjuleg heimilisnot og 3) Skv. 3 mgr. - Aukagjald vegna mengunar sem leiðir til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið. Í ljósi þess telur stofnunin villandi að miða heiti 14. gr. eingöngu við eitt þessara gjalda, þ.e. að kalla greinina „Fráveitugjald“ og leggur því til að heiti greinarinnar verði breytt í „Gjöld vegna fráveitu“. Breyta yrði öðrum greinum laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna til samræmis.

Í þeim tilvikum sem innheimt eru önnur gjöld en gjald skv. 1. mgr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna ætti endanleg upphæð gjalda að ráðast af summu þeirra í hvert skipti. Ekki er talið að þurfi að tiltaka það sérstaklega. Ef þó er talin þörf á því er bent á að slíkt ákvæði þarf ekki aðeins að ná til losungargjalds sbr. b-lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins (2. mgr. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna) heldur einnig aukagjalds vegna mengunar 3. mgr. 14. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna

**3. gr.**


Skv. b-lið 1. mgr. 3. gr. er bætt við þremur málsgreinum. Í 1. mgr. er eftirfarandi ákvæði: „Fráveitugjald skal vera hlutfall af fasteignamati fasteignar í heild en þó aldrei hærra en 0,5% af heildarmatsverði

hennar“. Í samræmi við ofangreinda tillögu stofnunarinnar um breytingu á nafni 14. gr. verður að taka afstöðu til þess hvort í stað orðsins „Fráveitugjald...“ skuli koma orðið „Gjöld vegna fráveitu...“ í ofangreindum málslið. Verði orðinu ekki breytt á eftir að setja ramma fyrir bæði losunargjald og aukagjald vegna mengunar.

### **Annað**

Umhverfisstofnun vill nota tækifærið til að benda einnig á að enginn hefur fengið það hlutverk skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna að hafa umsjón með og ábyrgð á því að lögnum sé framfylgt. Stofnunin leggur til að það verði tekið til athugunar.

  
Trygvi Þórðarson, sérfræðingur

  
Agnar Bragi Bragason, lögfræðingur

